

Fundargerð Þjóðgarðsráðs Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

Fimmti fundur þjóðgarðsráðs Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, haldin 26. janúar 2023, klukkan 13:30 í fjarfundi.

Mættir: Kristinn Jónasson (formaður), Magnús Aðalsteinn Sigurðsson (Minjavörður), Inga Dóra Hrólfsdóttir (sviðsstjóri), Anna Hallgrímsdóttir (Náttúruverndarsamtök) Hákon Ásgeirsson og Þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð

Fjarverandi: Þórður Runólfsson (ferðaþjónusta) og Iðunn Bragadóttir (Samút)

Farið yfir Hlutverk þjóðgarðsráðs

- Nokkuð opið hvað ráðið á að gera samkvæmt auglýsing um friðlýsingu þjóðgarðsins.
- Erum við á réttri leið? Er eitthvað sem vantar að við gerum á fundunum. Eitthvað sem vantar að fjalla um.
- Minjastofnun – já erum á réttri leið, skráning minja góð en kominn tími til að uppfæra skráningu menningarminja. Þjóðgarðurinn að gera vel varðandi minjar. Þjóðgarðsráð mætti hittast meira á staðarfundi. Erum vel upplýst um það sem er að gerast í þjóðgarðinum.
- Anna – Erum að fara skýrt fram á við, búið að vera að koma okkur inn í málin þar sem ráðið er frekar nýtt.
- Kristinn – Stundum fámenn á fundum, hvernig tryggjum við að þeir sem eru í ráðinu mæti á fundina. Enginn varamenn, ætti það að vera?
- Inga Dóra – ráðið ætti eftir þessa kynningu að fara að fikra sig í meiri stefnumótun og framtíðarsýn. Halda staðarfund, fundur með hugaflug – greiningavinnu um hvert við viljum fara með ráðið. Nokkurskonar svót vinnu. Gott að fá sjónarmið fulltrúa.

Staðan í þjóðgarðinum í upphafi árs og verkefni ársins

- **Djúpalón** - deiliskipulag í kynningarferli til 15. mars. Stefnt að því að fara í lagna- og jarðvinnu í vor á nýju bílastæði. Gert ráð fyrir að nýja bílastæðið verði tekið í notkun í sumar og þar komið fyrir salernishúsi til bráðabyrgðar þar til nýtt varanlegt hús verður tilbúið. Þá verður gamla salernishúsið fjarlæggt.
- **Starfsmannamál** - Frá og með 1. mars verða 6 heilsárs starfsmenn í þjóðgarðinum. Þá verður auglýst eftir starfsmanni sem mun sjá um þrif á húsnæðum þjóðgarðsins. Ráðnir verða inn 4-5 sumarlandverðir á næstu vikum.
- **Þjóðgarðsmiðstöð** - Stefnt á opnun 24. mars. Verið að setja saman boðslista, en einnig verða öll velkomin á opnunina. Unnið er að gerð fyrirsýningar sem verður komin upp fyrir opnunina. Stóra sýningin fer í opið útboð í mars.
- **Verkefni ársins**

Verkefni 2022 - 2023

| Svæði | Verkefni | Ár | Staða |
|------------------|--|------------|-------------|
| Arnastapi | Deiliskipulag, endurbætur á göngustíg að Músagjá og útsýnispallur | 2022-2023 | Hafið |
| Búðir | Endurbætur á Aðkomusvæði við sjávangötu og Klettsgötu, lagfæring á gönguleiðum | 2022- 2023 | Langt komið |
| Djúpalónsandur | Deiliskipulag, bygging nýs salernishúss og gerð bílastæðis nær Þjóðveggi. Áframhaldandi vinna við göngustíg og útsýnisstaði. | 2022-2023 | Hafið |
| Þjóðgarðurinn | Framkvæmd og umbætur á gönguleiðakerfi Þjóðgarðsins, fjölgun leiða og merkingar bættar | 2022-2023 | Hafið |
| Þjóðgarðurinn | Hönnun og gerð fræðslu og upplýsingaskilta og vegvísa. | 2022-2023 | Hafið |
| Malarrif | Lokafraðgnagur á lóð við gestastofu | 2022 | Lokið |
| Malarrif | Hönnun og framkvæmd göngustíga og afþreyingar, endurbætur og fjölgun leiktækja | 2023 | |
| Malarrif | Hönnun og uppbygging áningarstaðar og útsýnispalls við Malarrifsvita | 2022-2024 | Hafið |
| Öndverðanes | Gerð minjahlíðarsvæðis með sögustíg, áframhald viðhald og uppbygging göngustíga,gerð bílastæðis | 2022-2023 | Í ferli |
| Saxhóll | Útsýnispallur á gígtoppnum, áningasvæði og tenging á gönguleið upp á gíginn. | 2022-2023 | Í ferli |
| Djúpalón-Dritvík | Lagfæring og viðhald gönguleiðar á milli Djúpalón og Dritvíkur | 2022-2023 | Langt komið |
| Þjóðgarðurinn | Umbætur á gönguleiðakerfi Þjóðgarðsins | 2022-2023 | Hafið |
| Deiliskipulag | Malarrif | 2023 | Ný umsókn |
| Deiliskipulag | Öndverðanes | 2023 | Ný umsókn |

- **Húsnæði landvarða** - Verið að skoða með FSRE eignarhald á húsnæði sem Þjóðgarðurinn legir á Gufuskálum. Íbúðarhúsnæði á Malarrifi hefur FSRE dæmt ónýtt (veggjatítillur) og tillaga þeirra er að ef þar á að vera áfram íbúðarhús að þá verði byggt nýtt hús.
- **Samgöngur í Þjóðgarðinum** - Vetrarþjónusta er tvisvar í viku og oft á tíðum ekki nægjanleg þar sem ferðamannastraumur er talsverður á veturna. Þjóðgarðurinn leggur áherslu á að halda opnum a.m.k. fjórum áfangastöðum í Þjóðgarðinum: Svalþúfu, Malarrifi, Djúpalónsand og Saxhól. Verktaki sér um snjóhrensun á bílastæði og söndun eftir þörfum.

Vegagerðin

- Fá fund með vegagerðinni ræða almennt um samgöngur í Þjóðgarðinum. Kristinn óskar eftir fundi.

Fundarskipulag

- Lagt til að hafa staðarfund 10. mars, sama dag og opnun Þjóðgarðsmiðstöðvar. Fundur verður kl. 10:00.
- Næstu fundir: 26. apríl kl. 13:30. 13. júní kl. 14:30. Staðfundur 15. ágúst kl. 11:00 tveir tímar í fund og svo í skoðunarferð til kl. 16:00. 4. október kl. 13:30. 21. nóvember kl. 14:30.

Fyrir næsta fund – að fulltrúar komi með sín sjónarmið – eitthvað sérstakt sem Þjóðgarðurinn ætti að gera.

Önnur mál

Lógó Þjóðgarðsins – hugmynd um að endurskoða lógó Þjóðgarðsins og lagfæra nafnið á Þjóðgarðinum þ.e. að í stað þess að nota nafnið Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull verði notað Snæfellsjökulþjóðgarður. Nafnabreyting var samþykkt. Tillaga að nýju lógói verður borið undir Þjóðgarðsráð.

Fundi slitið kl. 14:30